

Ed.

## 224. Frumvarp til laga

um matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskólinn.

2. gr.

Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum og gisti- og veitingahúsum.

3. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum nænum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

4. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

5. gr.

Kennslunni skal hagað þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námsfími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera 3 ár, en heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni á veitingahúsi eða farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð.

Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrífalega og háttprúða umgengni og snyrtinnensku.

6. gr.

Skólanum skal stjórnað af skólaráði, sem skipað sé fimm mönnum, er samgöngumálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn. Einn skólaráðsmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu sambands veitinga- og gistihússeigenda og skólastjóra stýrimannaskólans og einn án tilnefningar, og sé hann formaður.

Ráðuneytið ræður skólastjóra, sem jafnframt er bryti skólans, og aðra kennara, að fengnum tillögum skólaráðs.

7. gr.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni, kennaralið og réttindi þau, er skólinn veitir, o. fl.

8. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er skólaráði heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

9. gr.

Allur kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.